

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 89/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðmundi Árna Davíðssyni

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 11. febrúar sl. skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi.

Svo sem í héraðsdómi greinir er sannað að ákærði framdi brot þau sem honum eru gefin að sök. Með því að aka bifreið hinn 18. nóvember 1985 og 27. maí 1986, þótt sviptur hefði verið ökuleyfi, hefur hann brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og með því að aka á ólöglegum hraða í fyrra skiptið hefur hann brotið gegn 1. mgr. 50. gr. sömu laga. Refsing ákærða er samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 30 daga óskilorðsbundið varðhald.

Í dómsorði héraðsdóms er kveðið á um ævilanga sviptingu ákærða til að öðlast ökuleyfi, en eigi sést af forsendum á hverju ákvæði þetta er byggt. Ákærði er eigi saksóttur til ökuleyfissviptingar né réttar til að öðlast slíkt leyfi og kemur það því ekki til álita í málinu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Árni Davíðsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 23. janúar 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með tveim ákærum, dagsettum 15. maí 1986 og 10. nóvember 1986 „á hendur Guðmundi Árna Davíðssyni, Álfhólsvegi 85, Kópavogi, fæddum 16. maí 1961 í Reykjavík.

Í ákæruskjali, dagsettu 15. maí 1986, er ákærða gefið að sök „að aka, mánudaginn 18. nóvember 1985, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-22050, norður Álfheima í Reykjavík með allt að 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að húsi nr. 38-42.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæruskjali, dagsettu 10. nóvember 1986, er ákærða gefið að sök „að aka, þriðjudaginn 27. maí 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Y-13617 frá Kaplahrauni 9, Hafnarfirði, til Reykjavíkur, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans á Bústaðavegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Ákæra, útgefin 15. maí 1986.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þeir að lögreglan í Reykjavík stöðvaði akstur bifreiðarinnar G-22050, þar sem henni var ekið norður Álfheima í Reykjavík, með allt að 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund, mánudaginn 18. nóvember 1985, kl. 16:35. Hafði lögreglan tal af ökumanni bifreiðarinnar sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið á tilgreindum hraða og kvaðst ekki rengja hraðamælingu rögreglunnar. Aðspurður sagðist ákærði hafa verið sviptur ökuréttindum ævilangt frá 17. ágúst 1984 að telja.

Ákæra, útgefin 10. nóvember 1986.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þeir að lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði akstur bifreiðarinnar Y-13617 á Bústaðavegi, hinn 27. maí 1986, kl. 23:26. Hafði lögreglan tal af ökumanni og reyndist hann vera ákærði í máli þessu. Aðspurður sagðist ákærði vera sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. ágúst 1984 að telja. Ákærði skýrði svo frá að hann hafi verið að koma frá Hafnarfirði þar sem hann hafi verið að gera við bifreiðina. Hafi ferðinni verið heitið heim með viðkomu í vídeóleigu.

Ákærði kom fyrir dóm og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Með játningu ákærða telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

III.

Ákærði hefur 10 sinnum gengist undir dómsátt, þar af 9 sinnum vegna brota á umferðarlögum. Ákæru hefur einu sinni verið frestað skb. vegna brots gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Einu sinni hefur ákærði hlotið dóm vegna brots gegn umferðarlögum. Var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. ágúst 1984 að telja.

IV.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og lög 16, 1977 og þykir hún með hliðsjón af sakaferli mannsins og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.